

**Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 7. maí 2014 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-29/2014:

**I**

**Álitaefni og kröfugerð**

Hinn 28. mars sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann telur vera á bifreið sem hann keypti af Y, hér eftir einnig nefndur seljandi. Meðfylgjandi álitsbeiðni var afrit af dómi héraðsdóms Norðurlands vestra frá x. nóvember 2013 í málinu nr. xxx. Er álitsbeiðandi stefndi í málinu og seljandi stefnandi. Varðar dómurinn bifreiðakaup þau er álitsbeiðandi hefur óskað eftir áliti kæruneftndarinnar á.

3. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa segir eftirfarandi: „Nefndin vísar máli frá hafi dómur þegar fallið í því eða það er til meðferðar dómstóla eða gerðardóms.“ Þetta reglugerðarákvæði verður ekki skilið öðruvísi en svo að kæruneftndinni beri að vísa álitsbeiðni frá hafi dómur fallið um sama ágreiningsefni og álitsbeiðni nær til, en svo er í þessu tilviki sbr. áðurnefndan dóm héraðsdóms Norðurlands vestra frá x. nóvember 2013. Verður af þessum sökum að vísa frá kæruneftndinni álitsbeiðni X.

**II**

**Álitsorð**

Álitsbeiðni X er vísað frá kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa.

---

Pétur Örn Sverrisson  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir